

Svæðaskilgreining vegna ívilnanaheimilda Menntasjóðs námsmanna

Skilgreining svæða skv. 1. mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna vegna tiltekinna starfsstétta á heilbrigðissviði

Júlí 2024



Inngangur

Skýrsla þessi er unnin á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 ¹ sem heimilar ráðherra að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun. Við skilgreiningu svæðanna er tekið mið af niðurstöðum stafshóps heilbrigðisráðherra um jöfnun aðgengis að sérfræðipjónustu á heilbrigðisviði óháð búsetu sem skilað var til ráðherra í maí 2023.² Starfshópurinn lagði til tvenns konar svæðaskiptingu sem byggði á eins konar forgangsröðun þar sem þau svæði sem verst væru sett að mati hópsins kæmu fyrst en síðan þau svæði þar sem ástæða væri til að beita ívilnunum, en þörfin e.t.v. ekki eins knýjandi þar sem þau lægju nær megin stöðvum heilbrigðiskerfisins. Hér er miðað við víðari skilgreininguna enda oft erfitt að draga mörkin á milli, m.a. þar sem starfsmenn geta verið ráðnir til starfa á fleiri en einni starfsstöð hjá sömu heilbrigðisstofnun.

Um framkvæmd, umsóknarferil og eftirfylgni með veitingu ívilnana er vísað til skýrslu framangreinds starfshóps heilbrigðisráðherra.

Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem unnin er greining á grundvelli framangreinds heimildarákvæðis er lagt til að mat verði lagt á framkvæmd og árangur þess að beita ákvæðinu að fjórum árum liðnum frá því að beiting þess hefst. Er það í samræmi við tillögur starfshópsins sem vísað var til hér að framan.

Skilgreining svæða / starfsstöðva sem notið geta ívilnunar

Einn af mælikvörðum núgildandi byggðaáætlunar varðandi aðgengi að þjónustu er hlutfall þeirra sem búa innan 30 km frá tiltekinni grunnþjónustu, þ.m.t. heilsugæslustöð.³

Hér er miðað við 45 mín. akstursfjarlægð sem í raun jafngildir einnar klst. vinnu sé mið tekið af hinni svokölluðu 45 mín. reglu sem gerir ráð fyrir 15 mín. hvíld fyrir hverjar 45 mín. af virkri vinnu.⁴ Þar sem tímamælingar miðast við góðar meðalaðstæður er þessi tími tekinn niður í 30 mín. í tilfalli Akureyrar til að mæta verri akstursskilyrðum (snjór og hálsa) mun stærri hluta ársins en á suður- og vestursvæðinu.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/154b/2020060.html>

² https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Till%c3%b6gur%20starfsh%c3%b3ps_%c3%advilnanir%20n%c3%a1msl%c3%a1na_2023.pdf

³ <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

⁴ Hér má sjá [umfjöllun um efnið útfrá ýmsum hliðum](#)

Þessi 45 mín. akstursfjarlægð fellur einnig ágætlega að skilgreiningum á virkum atvinnusóknarsvæðum er þar er oft horft til 45-60 mín. akstursfjarlægðar vegna daglegrar atvinnusóknar.


Til að beita ívilnun þarf starfsstöð að vera annað hvort;

- Í a.m.k. 45 mín. akstursfjarlægð frá Reykjavík og er þá reiknað út frá Landsspítalanum við Hringbraut og viðkomandi starfsstöðvar.
 - Innan þessara marka eru eftirfarandi starfsstöðvar/staðir
 - Allar starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu
 - Allar starfsstöðvar á Suðurnesjum
 - Starfsstöðvar á Akranesi
 - Starfsstöðvar í Hvergerði, Þorlákshöfn og Selfossi
- Eða í a.m.k. 30 mín. akstursfjarlægð frá byggðakjarna með 10.000 íbúa eða fleiri.
 - Sá byggðakjarni er; Akureyri.

Þær starfsstöðvar sem ívilnun gæti tekið til eru því:

- Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands:
 - Borgarnes
 - Búðardalur
 - Grundarfjörður
 - Hólmavík
 - Hvammstangi
 - Ólafsvík
 - Stykkishólmur
- Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða
 - Allar starfsstöðvar
- Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
 - Blönduós
 - Dalvík
 - Fjallabyggð – Ólafsfjörður
 - Fjallabyggð – Siglufjörður
 - Grenivík
 - Grímsey
 - Hofsóss
 - Húsavík
 - Kópasker
 - Laugar
 - Raufarhöfn
 - Reykjalíð

- Sauðárkrókur
- Skagaströnd
- Þórshöfn
- Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands
 - Allar starfsstöðvar
- Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
 - Höfn í Hornafirði
 - Kirkjubæjarklaustur
 - Laugarás
 - Rangárþing – Hella og Hvolsvöllur
 - Vestmannaeyjar
 - Vík í Mýrdal



Mynd/kort sem sýnir staðsetningar starfsstöðva heilbrigðisþjónustunnar

Eins og fram kemur í áður tilvitnaðri skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra fellur framangreind svæðaskilgreining einnig vel að reynslu forsvarsmanna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni við að manna einstakar starfsstöðvar.

Nú er starfsmaður ráðinn til starfa og hefur starfsskyldur á fleiri en einni starfsstöð og skal þá starfshlutfall hans í starfsstöð sem hér að framan er talin ráða því hvort hann geti notið ívilnunar. Samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna þarf það hlutfall að lágmarki að vera 50% og ráðning að standa í a.m.k. tvö ár. Þá þarf viðkomandi að vera búsettur á þjónustusvæði viðkomandi starfsstöðvar.

Námsgreinar sem notið geta ívilnunar

Í samræmi við greiningu starfshóps heilbrigðisráðherra er lagt til að eftirfarandi námsgreinar verði, til að byrja með, lagðar til grundvallar við beitingu ívilnanaheimilda laganna; geislafræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, ljósmóðurfræði, læknisfræði, sálfræði,⁵ sjúkraliðanám, sjúkráþjálfun, talmeinafræði og tannlæknisfræði.

Búsetuskilyrði laganna gerir það að verkum að ívilnunarákvæðið nýtist ekki til að bæta þjónustuna í gegnum skipulagðar heimsóknir sérfræðinga og/eða tímabundnar ráðningar og kemur þar einnig til ákvæðið um tveggja ára lágmarks ráðningartíma.

Fylgiskjal: Tillögur starfshóps heilbrigðisráðherra til jöfnunar á aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðisviði óháð búsetu

⁵ Þau sem lokið hafa klínísku námi og hafa starfsleyfi sem sálfræðingar.